



Íslenskar orkurannsóknir

Ársreikningur 2018

Íslenskar orkurannsóknir
600503-4050
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Íslenskar orkurannsóknir
Ársreikningur 2018

Íslenskar orkurannsóknir
600503-4050
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings	3
Áritun endurskoðenda.....	6
Rekstrarreikningur árið 2018	8
Efnahagsreikningur 31. desember 2018.....	9
Sjóðstreymi árið 2018	10
Skýringar.....	11
Viðauki 1: Stjórnarhættir Íslenskra orkurannsókna.....	18
Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í ársreikningi	20

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Íslenskar orkurannsóknir voru stofnaðar árið 2003 til að annast rannsóknir á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála samkvæmt lögum nr. 86/2003 og þeim viðbótum og breytingum sem gerðar hafa verið á þeim. ÍSOR er B-hluta stofnun sem starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR.

Rekstur ársins 2018

Rekstrartekjur ÍSOR námu 1.308,6 milljónum króna á árinu 2018 en 1.361,8 milljónir króna árið á undan. Tekjur lækkuðu því um 53,0 m.kr. Af verkefnatekjum ÍSOR komu 108,0 m.kr. frá íslenska ríkinu, þar af komu 62% af fjárlagaliðum utanríkisráðuneytis, 21% frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og 16% frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Rekstrargjöld námu 1.318,7 m.kr. á árinu 2018 en voru 1.389,0 m.kr. árið 2017. Rekstrartap ÍSOR fyrir fjármagnsliði var því 10,1 m.kr. en 27,5 m.kr. tap var árið á undan. Hluti af rekstrartekjum 2018 eru 47,0 m.kr. tekjur vegna uppgjörs á Evrópuverkefnum fyrri ára. Tap af regluglegum rekstri ÍSOR er því í raun 57,0 m.kr. en 27,5 m.kr. tap var árið á undan.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 22,6 m.kr. á árinu 2018 en á árinu 2017 voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 11,0 m.kr. Þessar breytingar milli ára má rekja til sveiflna í gengi íslensku krónunnar en ÍSOR er með verulegt vörlufé í erlendri mynt vegna hárra fyrirframgreiðslna frá Evrópusambandinu vegna rannsóknarstyrkja. Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður ársins 12,5 m.kr. en árið áður var tap að fjárhæð 16,4 m.kr.

Eigið fé í árslok 2018 nam 327,5 m.kr. en 314,9 m.kr. í árslok 2017 samkvæmt efnahagsreikningi.

Handbært fé í árslok 2018 nam 257,8 m.kr. og hækkaði um 108,7 m.kr. á árinu.

Ásverk voru 68,5 að meðaltali á árinu.

Stjórnarhættir

Stjórn ÍSOR leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Á árinu voru haldnir 8 stjórnarfundir og hefur meirihluti mætt á alla fundi.

ÍSOR hefur sett sér stefnu um meginþætti starfseminnar, með gildistíma 2017–2022. Stefnan er sett fram í þremur hlutum og fjallar fyrst og fremst um innri hluta starfseminnar að ytri skilyrðum eins og hlutverki og rekstrarformi óbreyttum. Fyrsti hlutinn er um þjónustu á grunni þekkingar, annar um innri mál og sá þriðji um ytri miðlun. Í hverjum hluta er sett fram sýn til ársins 2022 um tiltekin þekkingarsvið eða viðfangsefni og síðan gerð grein fyrir helstu aðgerðum til að sýnin verði að veruleika. Stefnunni verður fylgt eftir með reglulega uppfærðum aðgerðaáætlunum sem vísa til framangreindra atriða.

ÍSOR hefur komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu,

rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins. ÍSOR vinnur eftir ISO 9001 gæðastaðli sem tryggir reglulegar úttektir á verklagsreglum og að skjölun sé tryggð. Nánari lýsing á stjórmarháttum er að finna í viðauka I við ársreikning ÍSOR.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þeirra breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar og er til frekari upplýsinga vísað í viðauka II við ársreikning ÍSOR.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Rannsóknir á jarðfræði Íslands og jarðrænum auðlindum ásamt ráðgjöf um nýtingu þeirra hafa verið helsta viðfangsefni ÍSOR frá upphafi. Ljóst er að við stofnun ÍSOR var til þess ætlast að ÍSOR gegndi vissu opinberu og samfélagslegu hlutverki í gegnum langtímasamninga við Orkustofnun sem þá bara ábyrgð á rannsóknum á jarðrænum auðlindum landsins samkvæmt lögum nr. 87/2003.

Árið 2012 var umhverfis- og auðlindaráðuneytinu falið með forsetaúrskurði að fara með rannsóknir á jarðrænum auðlindum á landi og á hafslotni, öðrum en olíu og ráðgjöf um nýtingu þeirra, án þess þó að það sama hlutverk væri tekið út úr lögum um Orkustofnun. Samhliða var ÍSOR fært frá iðnaðarráðuneytinu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Á síðustu árum hefur stórlæg dregið úr rannsóknum á jarðrænum auðlindum landsins þar sem Orkustofnun hefur nánast haett þeim að olíumálum undanskildum.

Afleiðingin er sú að dregið hefur verulega úr verkefnum sem ÍSOR sinnir fyrir ríkið og námu tekjur af þeim verkefnum árið 2018 aðeins 8,3% af tekjum ÍSOR en voru að meðaltali 15% á tímabilinu 2006 til 2011. Á sama tíma hefur ríkið lagt auknar byrðar á ÍSOR vegna lifeyris-skuldbindinga. Er ÍSOR ætlað að greiða 5,85 prósentustigum hærra framlag til LSR en samkeppnisaðilar sem skerðir mjög samkeppnishæfni ÍSOR eins og gerð var grein fyrir í ársreikningum 2017. Á sama tíma hefur dregið úr eftirsprung eftir sérfræðiljónustu ÍSOR vegna minni nýframkvæmda við virkjun jarðhita og talsverð óvissa ríkir um eftirlits- og úrvinnslu-verkefni innanlands. Horfur á erlendum mörkuðum eru einnig óvissar. ÍSOR er jafnframt að glíma við tímabundinn kostnaðarauka í tengslum við kynslóðaskipti starfsmanna meðan verið er að þjálfa nýja starfsmenn og tryggja yfirlærislu þekkingar til þeirra.

Veturinn 2018–2019 beittu stjórn og forstjóri ÍSOR sér fyrir ítarlegri greiningu á þeim kostum sem eru fyrir hendi varðandi framtíðarrekstur ÍSOR enda er verulegur vafi á rekstrarhæfni ÍSOR miðað við óbreytt rekstrarlíkan. Að óbreyttu er umtalsverð hætta á að verulegur taprekstur verði hjá ÍSOR á komandi árum sem í senn myndi skaða fjárhagslega hagsmuni ríkisins og rannsóknir á náttúru landsins og nýtingu auðlinda þess. Við þessu þarf að bregðast sem fyrst og mun stjórn ÍSOR kynna greininguna fyrir umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á næstunni ásamt fyrirliggjandi sviðsmyndum.

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996 og er það álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Íslenskra orkurannsókna 31. desember 2018 og rekstrarafkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2018.

Stjórn Íslenskra orkurannsókna og forstjóri staðfesta hér með ársreikning ársins 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. mars 2019

Sigrún Traustad.

Sigrún Traustadóttir
formaður

Ásta Pálmaradóttir
Ásta Björg Pálmaradóttir

Ingveldur Sæmundsdóttir
Ingveldur Sæmundsdóttir

Steðán Guðmundsson
Stefán Guðmundsson

Sveinbjörn Björnsson
Sveinbjörn Björnsson

Ólafur G. Flóvenz
Ólafur G. Flóvenz
forstjóri

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og eiganda Íslenskra orkurannsókna

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íslenskra orkurannsókna fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu Íslenskra orkurannsókna 31. desember 2018, afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér á eftir. Við erum óháð Íslenskum orkurannsóknum og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Þau eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskra orkurannsókna og setja inn skýringu ef þess er þörf.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins


Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær geta haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggist á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.
- Ályktum um notkun stjórnar og forstjóra á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðunandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggist á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstarhæfi fyrirtækisins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með taldar skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 15. mars 2019



Skúli Eggert Þórðarson
ríkisendurskoðandi



Óskar Sverrisson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta		1.106.074.024	1.103.829.829
Leigutekjur		201.110.192	257.523.797
Aðrar tekjur		1.388.839	400.000
	1	<u>1.308.573.055</u>	<u>1.361.753.626</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldrar þjónustu og leigutekna	2	202.174.991	189.718.314
Laun og launatengd gjöld	3	842.506.391	904.748.462
Annar rekstrarkostnaður	4	220.401.189	224.532.202
Afskriftir	6	53.611.877	70.215.771
		<u>1.318.694.448</u>	<u>1.389.214.749</u>
Rekstrartap		(10.121.393)	(27.461.123)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	5	<u>22.646.958</u>	<u>11.091.740</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>12.525.565</u>	<u>(16.369.383)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	99.190.236	128.624.857
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	3.765.867	3.765.867
Fastafjármunir samtals		<u>102.956.103</u>	<u>132.390.724</u>
Óreikningsfærð verk		32.014.048	28.423.280
Viðskiptakröfur	8	160.341.930	259.631.429
Vörslufé	12	279.974.527	280.841.146
Handbært fé		<u>257.830.746</u>	<u>149.089.874</u>
Veltufjármunir samtals		<u>730.161.251</u>	<u>717.985.729</u>
Eignir samtals		<u>833.117.354</u>	<u>850.376.453</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	9	327.467.083	314.941.518
Eigið fé samtals		<u>327.467.083</u>	<u>314.941.518</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	10	64.985.620	65.286.806
Vörslufé	12	279.974.527	280.841.146
Aðrar skammtímaskuldir	11	160.690.124	189.306.983
Skammtímaskuldir samtals		<u>505.650.271</u>	<u>535.434.935</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>833.117.354</u>	<u>850.376.453</u>
Skuldbindingar	13		

Sjóðstreymi árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		12.525.565	(16.369.383)
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:</i>			
Afskriftir		53.611.877	70.215.771
Söluhagnaður af fastafjármunum		1.388.839	400.000
Veltufé frá rekstri		<u>67.526.281</u>	<u>54.246.388</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Óreiðningsfærð verk, (hækkun) lækkun		(3.590.768)	22.215.817
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		99.289.499	(9.042.209)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(28.918.045)	7.708.073
		<u>66.780.686</u>	<u>20.881.681</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>134.306.967</u>	<u>75.128.069</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	6	(24.177.256)	(65.660.363)
Söluverð rekstrarfjármuna		<u>(1.388.839)</u>	<u>(400.000)</u>
Fjárfestingahreyfingar		<u>(25.566.095)</u>	<u>(66.060.363)</u>
Hækkun á handbæru fé			
Handbært fé í ársbyrjun		108.740.872	9.067.706
Handbært fé í lok ársins		<u>149.089.874</u>	<u>140.022.168</u>
		<u>257.830.746</u>	<u>149.089.874</u>

Skýringar

Íslenskar orkurannsóknir voru stofnaðar 1. júlí 2003. Höfuðstöðvar ÍSOR eru að Grensásvegi 9 í Reykjavík en einnig er rekið útibú á Akureyri. ÍSOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003.

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur ÍSOR er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggist á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlausn tekna

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskipta. Tekjur af styrktarverkum eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskipta. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Matsaðferðir

Óreikningsfærð verk eru eignfærð á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Matið er framkvæmt af stjórnendum ÍSOR.

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfaerslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar er færðar úr bókum ÍSOR.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á matsverði. Matið er framkvæmt af stjórnendum ÍSOR.

Skattar

ÍSOR greiðir virðisaukaskatt af aðföngum, eldsneytisgjöld, bifreiðagjöld og ýmis leyfisgjöld. ÍSOR er B-hluta stofnun ríkissjóðs og er því undanþegin álagningu tekjuskatts.

Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísítölur

Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2018 eins og ÍSOR hefur beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignafærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma egnunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma eignanna.

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Tölvubúnaður: 3 ár

Áhöld, tæki og innréttningar: 2–10 ár

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé eru óbundnar innstæður á bankareikningum. ÍSOR á bankareikninga í USD og EUR auk reiknings í ISK.

Vörslusjóðir

ÍSOR hefur umsjón með sjóðum sem varðveittir eru á bankareikningum og eru ekki hluti af handbæru fé.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru dótturfélög, stjórn og helstu stjórnendur.

Skuldbindingar vegna starfsmanna

Lífeyrisskuldbindingar. Hinn 19. apríl 2017 barst ÍSOR bréf frá Lífeyrissjóði stafsmanna ríkisins þar sem stofnuninni er tilkynnt að henni beri að greiða sérstakt 5,85% iðgjald til að standa undir lífeyrisauka starfsmanna sinna. Iðgjaldinu er ætlað að standa undir lífeyrisauka þeirra sjóðsfélaga í A-deild LSR sem eiga þann rétt skv. nýsettum lögum, nr. 127/2016, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lögin tóku gildi 1. júní 2017. Lífeyrisskuldbindingar vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna Íslenskra orkurannsókna hafa verið áætlaðar í árslok og gjaldfærðar í ársreikningi.

Skuldbindingar vegna hlunninda starfsmanna. Íslenskar orkurannsóknir hafa áhvílandi skuldbindingar vegna áunninna námsleyfa starfsmanna, áunnins veikindaréttar og hugsanlega fleiri áunninna réttinda samkvæmt kjarasamningum. Þessar skuldbindingar eru ekki færðar í reikninga stofnunarinnar.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta, þar sem við á.

1 Rekstrartekjur

Tekjur á árinu 2018 námu 1.308,6 m.kr. og lækkuðu um 53,2 m.kr. frá fyrra ári, eða 3,9%. Þjónustutekjur lækkuðu um 50,8 m.kr., eða 6,1%, leigutekjur lækkuðu um 56,4 m.kr., eða 21,9% en framlög, styrkir og endurgreiddur útlagður kostnaður hækkaði um 53,2 m.kr., eða 19,4%.

	2018	2017
Seld sérfræðiþjónusta	778.904.734	829.721.329
Leigutekjur tækja	201.110.192	257.523.797
Framlög, styrkir og endurgreiddur útlagður kostnaður	327.169.290	274.108.500
Hagnaður af sölu eigna	<u>1.388.839</u>	<u>400.000</u>
	<u>1.308.573.055</u>	<u>1.361.753.626</u>

2 Kostnaðarverð seldrar þjónustu

Á árinu 2018 nam kostnaðarverð seldrar þjónustu og leigutekna 202,2 m.kr. og hækkaði frá fyrra ári um 12,5 m.kr., eða 6,6%.

Aðkeypt til endursölu	73.934.718	54.341.748
Viðhald og rekstur tækja	47.653.090	42.796.573
Endurgreiddur útlagður kostnaður	<u>80.587.183</u>	<u>92.579.993</u>
	<u>202.174.991</u>	<u>189.718.314</u>

3 Laun og launatengd gjöld

Á árinu 2018 námu laun og launatengd gjöld 842,5 m.kr. og lækkuðu frá fyrra ári um 51,7 m.kr., eða 7,3%. Starfsmenn ÍSOR voru 75 á launaskrá í lok ársins. Ársverk voru 68,5 á árinu og fækkaði um 6,4 frá fyrra ári. Áætluð fjárhæð að upphæð 33,3 m.kr. vegna sérstaks 5,85% viðbótariðgjalds í A-deild LRS vegna ársins 2018 er gjaldfærð í ársreikningnum. Stjórnarlaun ásamt launatengdum gjöldum námu 5,0 m.kr. og laun og launatengd gjöld vegna forstjóra 18,4 m.kr.

Laun	656.417.045	708.109.337
Launatengd gjöld	185.643.100	202.832.490
Breyting á orlofsskuldbindingu	<u>446.246</u>	<u>(6.193.365)</u>
	<u>842.506.391</u>	<u>904.748.462</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

Önnur rekstrargjöld lækka milli ára um 4,1 m.kr., eða 1,8%. Sölu- og stjórnunarkostnaður lækkar um 0,7 m.kr., eða 0,7%, ferðakostnaður lækkar um 2,3 m.kr., eða 2,2%, húsnæðiskostnaður lækkar um 2,6 m.kr., eða 12,5%.

	2018	2017
Sölu- og stjórnunarkostnaður	103.183.136	102.436.647
Húsnæðiskostnaður	99.037.988	101.308.287
Ferðakostnaður	18.180.065	20.787.268
	<hr/> 220.401.189	<hr/> 224.532.202

5 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur	4.949.998	4.526.011
Fjármagnstekjuskattur	(1.088.001)	(905.202)
Gengishagnaður (gengistap)	18.943.315	7.622.039
Fjármagnsgjöld	(158.354)	(151.108)
	<hr/> 22.646.958	<hr/> 11.091.740

6 Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttningar	Tölvubúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun	380.807.418	29.133.267	409.940.685
Eignfært á árinu	16.477.256	7.700.000	24.177.256
Aflagt á árinu	0	0	0
Staða í árslok	<hr/> 397.284.674	<hr/> 36.833.267	<hr/> 434.117.941
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	257.289.561	24.026.267	281.315.826
Afskrift ársins	50.355.339	3.256.538	53.611.877
Aflagt á árinu	0	0	0
Staða í árslok	<hr/> 307.644.898	<hr/> 27.282.805	<hr/> 334.927.703
Bókfært verð í ársbyrjun			
Bókfært verð í ársbyrjun	123.517.859	5.107.000	128.624.859
Bókfært verð í árslok	89.639.774	9.550.462	99.190.236

Keyptar eru vátryggingar vegna rannsóknar- og mælitækja ÍSOR. Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir eru ótryggðir fyrir utan hefðbundnar skyldutryggingar. Vátryggingaverðmæti áðurnefndra eigna er samkvæmt tryggingaskírteinum eftirfarandi:

Vélar og tæki, eignatryggingar

Borholutæki	161.133.000
Tæki í bílum eða húsi	21.480.000
Yfirborðstæki	81.480.000
	<u>264.093.000</u>

7 Eignarhlutir í félögum

	Nafnverð	Matsverð
Belgingur	58.644	2.045.328
Keilir	1.000.000	1.000.000
GeoThermHydro ehf.	16.500.000	206.464
Málmís ehf.	512.500	512.500
Orkuskólinn REYST	1.575	1.575
Áhættufjármunir 31.12.2018	<u>18.072.719</u>	<u>3.765.867</u>

8 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur ÍSOR skiptast í kröfur á innlenda, erlenda og tengda aðila.

Innlendir aðilar	157.317.697
Erlendir aðilar	2.780.257
Tengdir aðilar	243.976
	<u>160.341.930</u>

Aldursgreining viðskiptakrafna miðað við 31.12.2018

Ógjalfallið	141.985.025
1-30 daga vanskil	14.732.345
31-60 daga vanskil	2.817.913
60-90 daga vanskil	19.694
Eldra en 90 dagar	786.953
	<u>160.341.930</u>

9 Yfirlit um eiginfjárreikninga

Eigið fé 1. janúar 2018	314.941.518
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	12.525.565
Eigið fé 31. desember 2018	<u>327.467.083</u>

10 Viðskiptaskuldir

Erlendir lánardrottnar	5.986.604
Innlendir lánardrottnar	58.999.016
	<hr/>
	64.985.620

11 Aðrar skammtímaskuldir

Ógreidd laun og launatengd gjöld	78.171.795
Ógreidd orlofsskuldbinding	56.205.382
Ógreiddur virðisaukaskattur	25.717.541
Annað ógreitt	595.406
	<hr/>
	160.690.124

12 Vörslusjóðir

ÍSOR hefur tekið í vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 280,0 m.kr. sem varðveittar eru á bankareikningum ÍSOR en teljast ekki til handbaers fjár. Vörsluféð er vegna framlaga úr rannsóknarsjóðum Evrópusambandsins. Framlöginn eru nýtt til að standa straum af kostnaði við verkefni sem eru fjármögnuð af sjóðnum.

Hreyfingar á vörslusjóði voru eftirfarandi:

Staða 1. janúar 2018	280.841.147
Innborganir frá rannsóknarsjóðum Evrópusambandsins	145.656.553
Greidd vinna og kostnaður vegna verkefna rannsóknarsjóða ESB	(146.523.173)
Staða 31. desember 2018	279.974.527

13 Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Á árinu 2012 gerði ÍSOR rammasamninga við þrjú íslensk orkufyrirtæki um lágmarksþjónustustig vegna mælinga í borholum. Á árinu 2018 voru tekjur vegna þessara samninga 65,0 m.kr. Framkvæmt var fyrir 91,4 m.kr. á árinu. Að teknu tilliti til notkunar afsláttar vegna fyrri ára og reikningsfærðar umframnotkunar er inneign verkkaupa í formi framtíðarafsláttar í lok árs 2018 25,3 m.kr. Inneignin kemur aðeins til útborgunar í formi afsláttar af tækjaleigu síðari ára þegar tækjaleiga hvers árs fer fram úr árlegri lágmarksupphæð samnings. Í lok árs 2018 voru tveir samningar í gildi.

Skuldbindandi samningar. ÍSOR er með skuldbindandi húsaleigusamning sem er til 10 ára og hófst 15. okt. 2018. Árleg skuldbinding er 8,7 m.kr.

14 Kennitölur

	2018	2017
Úr efnahagsreikningi:		
Veltufjárlutfall	1,44	1,34
Eiginfjárlutfall	39,3%	37,0%
Úr rekstrarreikningi:		
Rekstrarhagnaður (EBIDTA)	3,3%	3,1%
Arðsemi eigin fjár	4,0%	-5,2%

Viðauki 1: Stjórnarhættir Íslenskra orkurannsókna

Skipulag og hlutverk

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, eru sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003.

Stefna og framtíðarsýn

ÍSOR er alþjóðlega þekkt sem traust rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði jarðhita. Þjónusta sem tengist jarðhita er kjarninn í starfsemi ÍSOR. Til að geta veitt heildstæða þjónustu á sviði jarðhita þarf ÍSOR að búa yfir viðfeðmri þekkingu á mörgum sviðum jarðvísinda og verkfræði. ÍSOR stundar einnig rannsóknir og veitir þjónustu á tengdum fræðasviðum eins og eru á sviði grunnvatns, jarðfræði hafsbotns, kolvetna, jarðefna og almennrar jarðfræði. Jákvaða þróun í starfseminni undanfarin ár má ef til vill helst rekja til þess að fyrirtækini hefur tekist vel að halda í reynt og gott starfsfólk og ráða inn hæfa nýliða.

ÍSOR hefur sett sér stefnu til ársins 2022 í þeim tilgangi að stjórn og starfsfólk gangi samstellt til þeirra verka sem vinna þarf til að þróa starfsemina. Sett er fram sýn um ástand á árinu 2022 fyrir helstu fagsvið, mikilvæga þætti í innra starfi og miðlun þekkingar til samfélagsins. Sýnni er ætlað að draga sérstaklega fram það sem verður frábrugðið og lengra komið árið 2022 en nú er. Getið er um helstu leiðir til að ná markinu en þær eru útfærðar nánar í aðgerða-áætlun.

Samhliða markmiðum stefnunnar hefur verið skipað í faghópa hjá ÍSOR. Þeir hafa það hlutverk að vinna að skilgreindum verkefnum og þannig að markmiðum stefnu ÍSOR auk þess að styrkja almennt faglega starfsemi innan ÍSOR.

Stjórn

Stjórn ÍSOR er skipuð af umhverfis- og auðlindaráðherra til fjögurra ára í senn og ber hún ásamt forstjóra ábyrgð á stefnu, fjármálum og rekstri Íslenskra orkurannsókna. Fimm manns sitja í stjórn ÍSOR, þrjár konur og tveir karlmenn. Núverandi stjórn var skipuð 9. apríl 2015.

Stjórn ÍSOR skipa:

Sigrún Traustadóttir, viðskiptafræðingur, stjórnarformaður; Sveinbjörn Björnsson, eðlisfræðingur og fyrrverandi háskólastóriktor; Ásta Björg Pálmadóttir, viðskiptafræðingur, sveitastjóri í Skagafirði; Stefán Guðmundsson, viðskiptafræðingur, skrifstofustjóri umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Ingveldur Sæmundsdóttir, viðskiptafræðingur.

Innri endurskoðun og áhættustýring

ÍSOR hefur byggt upp eftirlitskerfi sem byggist á eftirlitsmarkmiðum sem eiga að draga úr hvata, tækifærum og réttlætingu til sviksemi í starfseminni. Eftirlitskerfið samanstendur af siðareglum, starfsmannastefnu, verklagsreglum, aðskilnaði starfa, vöktun og ISO 9001 gæðastaðli. Verklagsreglur ÍSOR og stefnur eru endurskoðaðar reglulega.

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri er Ólafur G. Flóvenz, jarðeðlisfræðingur. Forstjóri fer með yfirstjórn í umboði stjórnar. Á skrifstofu forstjóra er stoðstarfsemi sem annast gæða- og kynningarmál.

Framkvæmdastjórn ÍSOR er skipuð forstjóra, þremur sviðsstjórum og fjórum deildarstjórum. Í framkvæmdastjórn eru þrjár konur og fimm karlmenn.

Háhitasvið: Sviðsstjóri er Bjarni Richter. Hlutverk sviðsins er að hafa yfirumsjón með verkefnum ÍSOR á sviði háhitarannsókna og þjónustu tengdri háhita, skipulagi þeirra, markaðsöflun, samningum og framkvæmd.

Lághita- og náttúrufarssvið: Sviðsstjóri er Steinunn Hauksdóttir. Hlutverk sviðsins er að hafa yfirumsjón með verkefnum ÍSOR á sviði lághita og náttúrufars og þjónustu tengdri lághita og náttúrufari, skipulagi þeirra, markaðsöflun, samningum og framkvæmd. Steinunn er jafnframt yfirverkefnistjóri og annar tveggja fastra staðgengla forstjóra.

Kennslu- og þróunarsvið: Sviðsstjóri er Guðni Axelsson. Hlutverk sviðsins er að hafa yfirumsjón með verkefnum ÍSOR á sviði kennslu og þróunar, skipulagi þeirra, markaðsöflun og samningum og framkvæmd þeirra. Guðni leiðir jafnframt vinnu Vísindaráðs ÍSOR.

Fjármál og rekstur: Deildarstjóri er Guðrún Erlingsdóttir. Deildin ber ábyrgð á fjármálum ÍSOR, reikningshaldi, fjárvínslu, innkaupum, rekstri upplýsingakerfa, stjórnendaupplýsingum og áætlanagerð. Mannauðsmál, útgáfa og skjalamað eru jafnframt undir fjármálum og rekstri. Hlutverk deildarinnar er að stuðla að því að einingar ÍSOR nái hámarksárangri fyrir viðskipavini, starfsfólk og eiganda. Guðrún er jafnframt annar tveggja fastra staðgengla forstjóra.

Jarðvísindadeild: Deildarstjóri er Sæunn Halldórsdóttir en Steinþór Níelsson hefur leyst hana af í námsleyfi frá 1. ágúst 2018. Hlutverk deildarinnar er sinna þjónustu við verkefni ÍSOR ásamt því að bera ábyrgð á faglegri starfsemi á deildinni og stuðla að þróun hennar í samræmi við þarfir ÍSOR og viðskiptavina hverju sinni.

Jarðhitaverkfræðideild: Deildarstjóri er Ingólfur Örn Þorbjörnsson. Hlutverk deildarinnar er sinna þjónustu við verkefni ÍSOR ásamt því að bera ábyrgð á faglegri starfsemi á deildinni og stuðla að þróun hennar í samræmi við þarfir ÍSOR og viðskiptavina hverju sinni.

Útibú Akureyri: Deildarstjóri er Bjarni Gautason. Hlutverk deildarinnar er sinna þjónustu við verkefni ÍSOR ásamt því að bera ábyrgð á faglegri starfsemi á deildinni og stuðla að þróun hennar í samræmi við þarfir ÍSOR og viðskiptavina hverju sinni.

Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í ársreikningi

Almennt um ÍSOR

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, eru sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfsviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003.

Umhverfismál og græn skref

ÍSOR hefur sett sér umhverfisstefnu og er markmið hennar að fyrirtækið verði leiðandi á sínu sviði og hafi með starfsemi sinni jákvæð áhrif á þróun umhverfismála hér á landi. Til að ná því takmarki er beitt aðferðafræði ISO 14001 staðalsins á sem flesta þætti í rekstrinum. Nánari upplýsingar um stefnuna má lesa á vef ÍSOR á slóðinni <http://isor.is/umhverfisstefna-isor>

ÍSOR tekur einnig þátt í átakinu „Græn skref í ríkisrekstri“ í samvinnu við Umhverfisstofnun en í því er lögð áhersla á að ríkisstofnanir vinni að því að minnka umhverfisáhrif daglegs reksturs. ÍSOR hefur nú þegar fengið viðurkenningu fyrir að hafa náð fyrsta og öðru skrefinu.

Samfélagsleg mál, spilling, mútur og mannréttindi

Starfsmenn ÍSOR hafa í heiðri almennar siðareglur fyrir ríkisstarfsmenn, viðmið Sameinuðu þjóðanna og, eftir því sem við á, siðareglur fagfélaga og Háskóla Íslands. Að auki hafa starfsmenn samskipta- og siðareglur ÍSOR að leiðarljósi en þær voru samþykktar 4. september 2013 og má lesa á vef ÍSOR á slóðinni <http://isor.is/sidareglur-isor>

Starfsmannamál

Meginverðmæti ÍSOR er fólgjð í kunnáttu starfsmanna til að leysa þau viðfangsefni sem ÍSOR er falið samkvæmt lögum. Starfsfólk Íslenskra orkurannsókna og forvera þeirra hefur frá árinu 1945 byggt upp einstæða þekkingu á jarðhita, eðli hans og aðferðum til nýtingar. Þessi kunnátta hefur skipað ÍSOR í fremstu röð meðal þeirra sem starfa á alþjóðavettvangi að sambærilegum verkefnum. Til að viðhalda stöðu sinni hefur ÍSOR sett sér starfsmannastefnu sem samþykkt var 12. mars 2018 og hægt er að lesa á slóðinni <http://isor.is/starfsmannastefna>

Öryggisstefna

Stefna ÍSOR er að tryggja öllum starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnumhverfi. Markmiðið er slysalaus vinnustaður og að enginn starfsmaður bíði heilsutjón af starfi sínu hjá fyrirtækinu. Í rekstri fyrirtækisins er gert ráð fyrir að öllum kröfum laga og reglna sé fylgt og sífellt sé unnið að endurbótum sem stuðla að auknu öryggi starfsmanna, samstarfsaðila og viðskiptavina fyrirtækisins. Til að ná þessu markmiði ætlast stjórnendur fyrirtækisins til þess að allir starfsmenn vinni í samræmi við öryggisstefnu sem ÍSOR hefur sett og hægt er að lesa á slóðinni <http://isor.is/oryggisstefna>